

1. TBL. 1. ARG. APRIL 1982

* **FRÉTTABRÉF** *

K F R



剛柔流
空手道



Erian Waites Sensei.

GRÁÐUN.

Laugardaginn 6. mars hafði Brian próf fyrir l.kyu og hærri. Það tók langan tíma og kostaði svita og marbletti. Úrslit urðu:


Atli	níðan
Árni	níðan ho
Helgi B.	shodan
Hákon	shodan ho
Helgi P.	shodan ho
Ómar	shodan ho
Sigurður	shodan wo

Við óskum þeim til hamingju með árangurinn og vonum að þeir láti ekki við deigan síga.

SKILABOD.

Nú hefur verið stofnuð ritnefnd hér hjá þessu félagi. Markmið hennar á að vera að koma út smáfrétta-upplýsinga-fræðslu-blaði. Hlutverk ritnefndar er ekki að semja allt efni í þennan snepil. Það er ykkar hlutverk. Ef þið neitið höfum við margt í poka horninu til að fá ykkur til að skrifa, s.s. 50 armbeygur, 250 hnébeygur, 300 bolbeygur eða skúra salinn næsta mánuðinn o.s.frv.

Við lýsum því eftir fréttum, upplýsingum, greinum, myndum (teikningum), uppástungum o.s.frv. Þeir sem koma með efni í blaðið fá frítt eintak, minnstakosti þar til næsta bréf kemur út. Svo vantar nafn á gripinn. Sá sem kemur með besta nafnið á málgagnið fær fría áskrift (vegna naums fjárhags verður viðkomandi að sækja það sjálf(ur) á skrifstofu félagsins) og mynd bióta af sér (og ritnefnd) á góðum stað á blaðinu.



A sýningu í MH 24.mars.

General Lanting's name is... and...
Lanting's name is... and...

AUGLÝSING.

Stjórn KFR auglýsir stjórnarfund.
Tekið verður fyrir störf nefndanna. Því verða
allir nefndarfulltrúar að mæta.
Fundurinn verður haldinn á miðvikudaginn 21.
apríl kl. 17.30. Gjörið svo vel að mæta
stundvíslega.

(3. flokkur er beðinn að mæta ekki fyrr en
kl. 18.45.)

STJÓRNIN.

INNANFÉLAGSMÓT KFR.

Innanfélagsmót KFR verður haldið á sunnudaginn
í íþróttahúsi Kennaraháskólans.
Keppt verður í Kata kvenna, Kata karla og Kumite
karla. Keppendur verða allir undir 3.kyu hjá
KFR og KDS. Allir undir 3.kyu eiga að vera
búnir að skrá sig til keppni. Allir eru hvattir
til að keppa því þetta er mikilvæg reynsla fyrir
hvern og einn. Svo hvetið þið vini og vandamenn
til að koma og horfa á spennandi keppni.

OSS.



Japansfarar í góðum hóp í Akita 1980.
Sensei Ishigoka annar f.v., Sensei Takei fyrsti f.h

LIDAKEPPNI Í KARATE.

Fyrsta liðakeppni Íslands í karate var haldin laugardaginn þann. 10. apríl síðastliðinn. Þar áttust við 7 fimm manna lið frá 4 karatefélögum. Frá Karatefélagi Reykjavíkur komu 3 lið, frá Shotokan Karatefélaginu tvö og eitt lið frá hvorri um sig, Karatedeild Gerplu og Karatedeild Stjórnunnar en lið Karatefélags Selfoss, sem hafði skráð sig til keppinnar, mætti ekki.

Keppit var eftir útsláttarfyrikomulagi þannig að í fyrstu umferð féllu úr lið Gerplu, C-lið KFR og B-lið SKF. Fyrsta keppnin var milli A-liðs SKF og C-liðs KFR. Hana unnu þeir SKF-menn með yfirburðum, en C-liðið stóð sig allvel miðað við reynsluleysi. Síðan áttust við Stjarnan og B-lið Shotokan félagsins. Það var jöfn og spennandi keppni en þar sem einn maður SKF mætti ekki til leiks fóru Stjórnnumenn með sigur úr býtum því að fimmti maður þeirra vann keppnislaut. Nokkuð þar á reynsluleysi eins og áður en vonandi stendur það til bóva. B-lið KFR sigraði síðan Gerplu með yfirburðum, enda allmiklu reyndari menn. Vöktu tvær keppnir sérstaka athygli. Önnur var milli Bjarna Jónssonar, KFR-B og Sveinbjörns Ímsland, Gerplu. Sveinbjörn er hávaxinn, um 190cm en Bjarni um 165cm. Báðir eru þeir með brúnt belti. Töldu menn að Sveinbjörn myndi geta notað sér handleggjalengd sína, en annað kom upp á batin. Bjarni sótti af hörku og harðfylgi og sigraði eftir stuttan bardaga. Í hinni keppninni fékkst Hjalti Arnason, KFR, við Ávar úr Gerplu. Báðir eru þeir stórir menn og þreknir, en Hjalti gerði fljótt út um keppni með gifurlægri sökni svo að keppnin varð nánast samfelldur flótti af Ávars hálfu. Enda tók keppnin ekki nema 17 sekúndur.

Í annarri umferð keppti A-lið KFR við Stjórnuna frá Garðabæ. KFR sigraði með miklum yfirburðum, enda talsvert reynsluríkari. Þó vakti mikla kátínu er Stefán Alfreðsson, KFR, sem er þjálfari Stjórnunnar, tapaði keppni við nemanda sinn á hansoku eða refsistigi. Það varð honum til falls að hafa eft sig vel með hjám og olnbogum sem er bannað að nota í keppni. Hann var í sókn með hálfst stig yfir þegar hann lét ósjálfrátt hné fylgja kviði, í bókstaflegri merkingu. Nemandinn hné niður og var Stefáni dæmt refsistig. Vann stjarnan þannig sína einu keppni. Þetta voru leiðinleg mistök sem gerast vonandi ekki aftur.

Síðan keppti KFR-B við SKF-A og var það að margra dómi mest spennandi keppnin, geysilega jöfn og hörð. Fyrst áttust þeir við, Ásgeir Ólafsson, KFR, og Ólafur Wallewik frá Noregi sem keppti fyrir hönd SKF. Keppnin var mjög skemmtileg til að byrja með og náði Ólafur fyrsta stiginu með gyaku-zuki. Síðan varð honum á að stökka beint á móti sterku oi-zuki Ásgeirs og steinlá. Bláddi mikið úr munnni hans og nefi og var Ásgeiri dæmt refsistig. Ólafur jafnaði sig fljótt, en var ekki leyft að halda áfram keppni. Atvikið var sérlega leiðinlegt vegna þess að Ólafur var nýstaðinn úr sjúkrahúslegu vegna heilahristings sem hann hlaut í keppni í Noregi og var enn ekki búinn að jafna sig fyllilega. Er vonandi að þetta hafi engar slæmar afleiðingar.

Síðan kepptu Hákon Müller, KFR, og Karl Sigurjónsson, SKF. Var keppnin jöfn og góð og Karl sigraði með 2 wazaari gegn einu. Næst kepptu Bjarni Jónsson og Karl Gauti, SKF. Lyktaði þeirri keppni með jafntefli, hálfst stig gegn hálfu. Svo kepptu Kristjón Þorkelsson, KFR, og Þórður Antonsson, SKF. Vakti athygli hve stíll þeirra var ólíkur. Þórður notar mikið spörk, stökk og snúninga en Kristjón kys að standa kyrr og nota hendurnar. Kristjón sigraði með 2 wazaari gegn einu. Síðasta keppnin var milli Hjalta Árnasonar og Gísla Klemenzsonar, SKF. Hjalta sótti gífurlega fest eins og hans er

vandi og skoraði fljótt wazaari. Í annarri söknarlotu þegar hann elti andstæðing sinn sló Gísli til hans uraken svo að vörin sprakk undan og var Gísli dæmt hansöku fyrir það.

Þegar upp var staðið reyndust stigin standa hnífjöfn, 2 vinningar gegn 2 og stigin jafnmörg hjá báðum liðum. Var því valinn einn maður úr hvoru liði til að heyja lokabaráttuna.

Kepptu þá Ásgeir Ólafsson og Gísli Klemenzson. Gísli sigraði eftir að hafa skorað eitt wazaari og Ásgeiri hafði verið dæmt enn eitt refsistig. Er greinilegt að Ásgeir verður að passa sig í framtíðinni.

Í úrslitum áttust því við A-lið KFR og A-lið SKP. Var það ójafnari leikur en við mátti búast því að KFR vann allar keppnirnar auðveldlega utan eina sem lyktaði með jafntefli.

Í fyrstu keppninni vann Helgi Þórhallsson, KFR, með 2 wazaari gegn engu, á móti Vigni, SKP, sem kom í stað Ólafs Wallewik. Stóð keppnin í 20 sek. Næst vann Stefán, KFR, Karl Gauta, SKP, með wazaari og falletu jodan mawashi-geri sem skoraði ippon. Síðan börðust Ómar Ívarsson, KFR, og Karl Sigurjónsson, SKP. Gerðu þeir jafntefli, wazaari gegn wazaari. Gáfu þau úrslit í rauninni rangá mynd af keppninni því Ómar tapaði mörgum stigum á því að grípa sífellt í andstæðing sinn, sem er ekki leyft. Næst keppti Árni Einarsson, KFR, við Þórð Antons og vann á wazaari plús ippon sem hann skoraði einnig með jodan mawashi-geri. Í síðustu viðureign dagsins sigraði Atli Erlendsson, KFR, Gísli Klemenzson með 2 wazaari gegn engu.

Komu úrslitin í raun fáum á óvart, enda er A-lið KFR skipað svartbelturum eingöngu, þar af tveimur með 2. dan og eiga þeir allir margra ára æfingar að baki. Öll liðin stóðu sig vel og helstu gallarnir voru vegna reynsluleysis. T.d. voru margir ávittir fyrir að fara út fyrir keppnissvæðið, fyrir að grípa og fyrir að slá of fast í andstæðing. Þetta á örugglega eftir að batna með komandi árum.

Áhorfendur voru fáir en góðir og hvöttu þeir sína menn óspart svo að stemningin var mjög skemmtileg. Sensei Steve Cattle, 5. dan, og Steinar Einarsson, 1. dan, sáu um dómgschluna og fórst það vel ú hendi. Sensei Cattle lét góð orð falla um mótið en því var lokið og sagði það ágæta frumraun.

Úrslit mótsins voru sem hér segir:

1. sati Karatefélag Reykjavíkur A
2. sati Shotokan Karatefélagið A
3. sati Karatefélag Reykjavíkur B

Mótsritari,
Helgi Magnússon, 1. dan, KFR.


HÖGNI HREKKVÍSI



HÖGNI HREKKVÍSI VEFURINN ER Á WWW.HREKKVISI.IS


STEVE CATTLE.

Steve Cattle kom hingað í annað sinn um páskana. Líkaði honum vel að dveljast hér á klakanum. Eyddi hann tíma sínum við að kenna Frónarþúum karate. Shotokan karateféll. skipulagði sameiginlegar æfingar allra félaga á sveðinu og tókst það vel. Þó var leitt að sjá ekki fleirri af okkar mönnum á þessum æfingum. Skorur við á menn að meta betur næst, því það er heilmikið sem lærist, sérstaklega hjá meistara eins og Steve. Þá dæmdi Steve á mótinu um páskana og líkaði allvel það sem hann sá. Til stóð að unnusta Steves kæmi með honum. Því miður varð ekkert úr því vegna gamals óvinnar allra íþróttá, eða fjárskorts. Hún er shodan í Shotokan karate og hefði verið hvalreki fyrir dómurnar sem sfa karate hérlendis. En vonandi tekst að öngla fyrir farinu næst.



BRIAN WAITES.

Eins og allir vita fengum við hingað einn mesta meistara í karate sem hin að hefur komið. Sá mikli bardagameistari hefur verið langdvölum við æfingar hjá Gogen Yamaguchi í Japan. Hann er geysiharður bardagamaður og fullyrtri að Gojuru væri harðasti karate stíllin og yfirleitt harðasta bardagakerfi sem fyrir fíndist (Hann æfði Shotokan og keppti í Tai-boxi í Japan). Til stóð að hann væri hér í tæpar tvær vikur en því miður þurfti hann að rjúka áður vegna málareksturs sem hann átti í í Englandi. En hann lýsti sig reiðubúinn að koma aftur næsta vetur. Því er um að gera að sfa vel í sumar til að vera í góðri þjálfun er hann kemur.



Brian Waites Sensei kennir Shotokan mönnum karate (nawashi geri).